

**Sigurður S. Thoroddsen**

VERKFRÆÐINGUR M.V.Í.

Teiknistofa Austurstræti 14 . Sími 4575 . P. O. Box 873 . Reykjavík 2 feb. 1950.

B 2 M 291

D

MÁLAFEN

44220

1/10/50

Rafmagnsveitustjóri ríkisins

Laugaveg 118.

Í haust fór ég með yður til Hólmavíkur og athugaði þá skilyrði til virkjunar Grjótár, sem er um 6 km. innan við kaupúnið.

Grjótá á upptök sín efst í Vatnadal og rennur gegnum Fitjavatn og Hrófbergsvatn, sem eru 162 og 161 m. hæð yfir sjó. Frá Hrófbergsvatni má fá allt að 150 m. fall á um 1.5 km. löngum kafla. Vötnin má stífla upp og er gott stíflustæði neðan við Hrófbergsvatn og myndast þá allveruleg uppistaða, sjálfsagt yfir 1.1 km.<sup>2</sup> að stærð, ef stíflað er með 6-7 m. hárrí stíflu. Aðrennslissvæði Grjótár mælist á herforingjaráðsupprætti 19.1 km.<sup>2</sup>

Um 7 km. ofan við Fitjar, er auðvelt að veita Ósdalsá yfir í Grjótá. Er þar ágætt stíflustæði í Ósdalsá. Með stíflu þar, um 3 m. hárrí og mjög stuttri (sjá mynd) og um 300 m. löngum skurði, sem þarf að sprengja, verður hægt að veita ánum saman. Aðrennslissvæði Ósdalsár, þar ofan við, er 21.3 km.<sup>2</sup>

Aðrennslissvæði væntanlegrar virkjunar verður því 40.4 km.<sup>2</sup>


Samkvæmt vatnsmælingum, sem gerðar hafa verið í Þverá við Hólmavík er meðalrennsli hennar 1.65 m<sup>3</sup>/sek. en afrennslissvæði 33 km.<sup>2</sup> eða 50 l./sek./km.<sup>2</sup> Svarar þetta til, að meðalrennsli Grjótár væri 40.4 x 50 ≈ 2.0 m<sup>3</sup>/sek.


Ég geri ráð fyrir, að með tiltölulega góðu móti megi fá um  $7.5 \times 10^6 \text{ m}^3$  miðlun á vötnunum, sem áður voru nefnd.

Upp á heiðum er Miðheiðarvatn um  $0.5 \text{ km}^2$  og vötn sem Ósdalsá rennur úr af sömu stærð, má gera ráð fyrir, að óhætt sé að reikna með um  $10^7 \text{ m}^3$  miðlun.

Með þeirri miðlun ætti að mega fá um  $1.4 \times 150 \times 10 = 2100$  hestafla grunnorku í Grjóttá og hefi ég þá stuðst við "Summationlinu" af rennsli Þverár.

Virðingarfyllst,






Stíflustæði í 'Osdalsá, í Steingrímsfirði.



Foto: Sig. Þórarinnsson.

Virkjun Grjótar.

Stíflustæði við Grjóta hjá Hróbergsvatni.



Stíflustæði í Ósá.

